

Gagnlegar spurningar til að fá upplýsingar frá börnum um þeirra sýn á krefjandi hegðun og áhrifaþætti hegðunar

Gott að byrja á því að spyrja um styrkleika eða hvað barninu finnst gaman að gera, þær upplýsingar geta nýst vel til dæmis sem hugmynd að umbun.

1. Hverju ertu góður í eða hvað finnst þér gaman að gera í skólanum/heima?
(t.d. tiltekin fög, íþróttir, samverustundir, afþreying heima)
2. Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðinn stór?

Almenn lýsing á hegðunarerfiðleikum og aðstæðum sem þeir koma fram í,

1. Stundum er eins og þú eigir erfitt með að fara eftir reglunum, hvaða hegðun er það sem kemur þér í vandræði í skólanum/heima?
2. Geturðu lýst því nánar hvað það er sem þú gerir (eða gerir ekki) sem kemur þér í vandræði í skólanum? (t.d. gera ekki verkefnin sín, trufla aðra, tala án leyfis, nota ljótt orðbragð, meiða aðra o.s.frv.)

Spurningar varðandi tiltekna þætti sem við viljum vita meira um

1. Hvað áttu erfitt með í skólanum/heima? (fög, verkefni)
2. Ef þú hefðir þrjár óskir varðandi hvernig "aðstæðurnar" til dæmis heimanámið/skjátíma/heimilisreglur gæti farið fram hverjar væru þær?
3. Hvað gæti ég (foreldri, kennari, aðrir) gert svo þú ættir auðveldara með að sýna "æskilega" hegðun (byrja að læra, fara eftir fyrirmælum, fylgja reglunum)?

Spurningar um líðan til að barnið upplifi að uppalandinn sé að hlusta og upplifun og sýn barnsins skipti máli

1. Hvernig líður þér almennt í skólanum/heima (reyndu að meta á kvarðanum 0 til 10)
0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
Mjög illa Frekar illa Hvorki vel né illa Frekar vel Mjög vel
2. Þegar þú þarft á hjálp/aðstoð að halda í skólanum/heima, hvað gerirðu?
3. Þegar þú biður um aðstoð á réttan hátt (t.d. með því að rétta upp hönd), færðu þá hjálp/stuðning?